

## Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Jafnréttisstefna Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og því að sá réttur er varinn í stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### Jafnréttisstefna FVA:

- Stuðla ber að jafnrétti kynjanna innan skólans, jöfnum tækifærum bæði starfsmanna og nemenda og að allir njóti þeirrar virðingar og áhrifa sem þeim ber.
- Stefnt verði að jafnrétti til menntunar á þann veg að hver einstaklingur geti nýtt hæfileika sína sem best óháð kyni og án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- Fræðsla um jafnréttismál verði samofin skólastarfinu í kennslu ólíkra námsgreina.
- Notaðar verði fjölbreytilegar kennsluáðferðir til að ná til þarfa ólíkra nemenda.
- Nemendur skulu eiga jafnan aðgang að allri þjónustu skólans óháð kyni.
- Jákvæð samskipti og virðing eiga að vera ríkjandi í öllu skólastarfinu.
- Leggja skal áherslu á góða líðan nemenda og starfsmanna skólans. Koma skal fram við alla af virðingu óháð kyni, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, o.fl.
- Innan skólans skal unnið að því að koma í veg fyrir mismunun af öllu tagi og kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi verður ekki liðið.
- Jafnréttisáætlun er birt á heimasíðu skólans auk þess sem hún er kynnt starfsmönnum á starfsdögum á hverju ári.

Skólameistari tilnefnir 5 starfsmenn skólans til að sitja í jafnréttisráði auk jafnréttisfulltrúans og er reynt að hafa kynjaskiptingu sem jafnasta.

Jafnréttisráð hefur það hlutverk að sjá til þess að stefnu skólans og áætlun í jafnréttismálum verði fylgt eftir og standa vörð um þau atriði sem fram koma hér að ofan. Ráðinu ber einnig að endurskoða áætlun um jafnréttismál og stefnuna á þriggja ára fresti. Gildistími þessarar áætlunar er frá 1. feb. 2017 til 1. feb. 2020.

## Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Vesturlands er tvískipt:

### Hluti 1, skólinn sem vinnustaður

Jafnréttisáætlun skólans er gerð með það í huga að styðja við og stuðla að framgangi jafnréttisstefnu skólans ásamt því að vera jafnréttisráði hans til aðstoðar í sinni vinnu.

Mikilvægar ákvarðanir sem varða starfsfólk skulu metnar frá jafnréttissjónarmiði. Konur og karlar skulu hafa jafnan rétt til launa, stöðuveitinga, starfa og þátttöku í nefndum og ráðum. Mikilvægt er að bæði kyn fái notið starfsþjálfunar og endurmenntunar að jöfnu. Auglýsingar, upplýsingagjöf, kynferðisleg og kynbundin áreitni eru viðfangsefni jafnréttisáætlunar skólans. Nemendum og starfsmönnum skólans skal gert kleift að samræma nám, vinnu og einkalíf eins og kostur er.

### Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Kynjajafnréttis skal gætt við úthlutun hvers konar þóknunar og hlunninda, beinna og/eða óbeinna. Einnig skulu kynin njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að karlar og konur njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Skólameistari	Viðmið við ákvörðun launa séu skýr og öllum ljós.	Stöðumat árlega.
	Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisráð	Fá reglulega upplýsingar frá stjórnendum skólans og samstarfsnefnd.	
	Jafnréttisfulltrúi	Fylgjast með hvað gert er í öðrum skólum.	

## Þátttaka í nefndum og ráðum

Unnið skal markvisst að því að jafna fjölda kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum skólans. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og ráð skal farið fram á að tekið sé mið af 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, en þar segir:

*Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að.*

*Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá skilyrði 1. másl. þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Skipunaraðila er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. ef undanþáguheimild 2. mgr. á við.*

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að jafn margir karlar og konur sitji í nefndum og ráðum á vegum skólans.	Skólameistari	Tilnefningaraðilum er gert að tilnefna einstaklinga af báðum kynjum.	Jafnréttisráð og jafnréttisfulltrúi kynna stöðuna á skólafundi í upphafi hvers skólaárs.

## Auglýsingar og upplýsingagjöf

Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind og höfða til beggja kynja. Þegar birtar eru tölfraðilegar upplýsingar á vegum skólans skulu þær jafnan kyngreindar, eftir því sem við á.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að auglýsingar innan skólans séu ókyngreindar og höfði til beggja kynja.	Jafnréttisráð Jafnréttisfulltrúi Skólaráð	Kanna auglýsingatöflur skólans.	Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisráð fylgist með að unnið sé samkvæmt markmiðum.
Að auglýsingar skólans séu ókyngreindar og höfði til beggja kynja.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri	Kanna auglýsingar sem birtast frá skólanum.	Staðan tekin tvisvar á ári (einu sinni á hvorri önn).
Að tölfraðilegar upplýsingar séu kyngreindar eftir því sem við á.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri	Leitast við að kyngreina upplýsingar á vef og í fréttatilkynningum.	

## Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið á að meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Stefnt skal að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í störfum innan skólans. Þess skal gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kyns við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í störfum. Jafnframt skulu bæði kyn njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgð.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að jafna fjölda karla og kvenna í sambærilegum störfum í skólanum.	Skólameistari	Samantekt á kynjahlutföllum allra starfshópa skólans ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.  Fylgjast markvisst með úthlutun verkefna og tilfærslum innan skólans.	Jafnréttisráð fer yfir stöðuna árlega í árslok.

## Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu hafa sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Endurmenntunarstefna skólans skal endurspeglar slík markmið og safnað skal skipulega upplýsingum um endurmenntun starfsfólks. Leitast skal við að höfða til beggja kynja hvað varðar þá starfsþjálfun og endurmenntun sem í boði er á hverjum tíma.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsmenntunar og starfsþjálfunar.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri	Kyngreind samantekt með upplýsingum um þátttöku í endurmenntun.  Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli á námskeiðum á vegum skólans.	Jafnréttisráð fer yfir stöðuna árlega í árslok.

## Kynferðisleg og kynbundin áreitni

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan FVA.

- Allir nemendur og starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri eða kynbundinni áreitni né ofbeldi.
- Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.
- Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Telji starfsfólk og nemendur sig verða fyrir kynferðislegri/kynbundinni áreitni eða ofbeldi má leita til skólameistara, aðstoðarskólameistara, náms- og starfsráðgjafa, öryggistrúnaðarmanns, trúnaðarmanna stéttarféлага eða jafnréttisfulltrúa skólans. Síðan er unnið í málinu í samráði við þann sem telur á sér brotið. Haft er samband við aðila málsins og hvorum/hverjum aðila um sig gefinn kostur á að tjá sig um málsatvik. Leitað er sátta ef svo ber undir en málinu komið í lögformlegan farveg takist það ekki eða ef grunur leikur á að lögbrot hafi verið framið. Á öllum stigum skal tryggt að aðilum máls sé veittur viðhlítandi stuðningur, vilji þeir þiggja slíkt.

Auka skal fræðslu um þessin mál öll til að stuðla að því að allt starfsfólk og nemendur verði meðvitað um málefnið, geti greint slíkt atferli og brugðist við því ef svo ber undir.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að starfsfólk og nemendur séu meðvitað um að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan skólans	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisráð Skólaráð	Boðið sé upp á fræðslu um þessi mál, bæði fyrir starfsfólk og nemendur	Stöðumat/árlega  Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisráði í lok skólaárs.

## Hluti 2, skólinn sem menntastofnun

Leggja skal áherslu á jafnréttissjónarmið í allri kennslu í skólanum

Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og annarra starfsmanna skólans að þeir haldi vöku sinni í jafnréttismálum.

Jafnréttismiðuð kennsla felur meðal annars í sér að:

- valdar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir
- bæði kyn séu hvött til að kynna sér og velja nám sem talið er hefðbundið fyrir hitt kynið
- nemendum verði boðið upp á áfanga í kynjafræðum
- kennarar gæti þess að mismuna ekki nemendum eftir kyni hvorki í vali á kennslubókum né viðhorfum
- haft sé í huga að nemendur eru ekki einsleitir hópur
- í námsgreinum, þar sem öðru kyninu gengur almennt betur, séu markvisst notaðar aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða
- hlutir séu skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og þar sem ólíkar heimildir eru notaðar sé þess gætt að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á
- augu séu opin fyrir hlutdrægni bæði í hegðun og námsefni og nemendum bent á leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti
- ekki sé gert ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir

Nemendur skulu fá fræðslu um jafnrétti kynjanna. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi.

Mikilvægt er að nemendur af báðum kynjum komi fram fyrir hönd skólans.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í FVA skal hann leita til jafnréttisfulltrúa, jafnréttisráðs eða skólameistara sem sameiginlega leita leiða til úrlausna.

<b>Markmið</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Eftirfylgni/tími</b>
Að bæði kyn hafi sömu tækifæri til náms.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri Jafnréttisfulltrúi	Aðgengi að námi sé óháð kynferði.	Stöðumat árlega  Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisráði í lok hvers skólaárs.
Að námstilboð skólans höfði til allra nemenda hans.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Áfangastjóri	Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans.	
Jafnréttismiðuð kennsla.	Skólameistari Kennarar	Kennslan sé jafnréttismiðuð. Könnun í einstaka áföngum. Kennslumat innihaldi spurningar um hvort unnið sé í anda jafnréttis.	Jafnréttisráð fer yfir stöðuna árlega í árslok.

**Jafnréttisfulltrúi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er:** Ólöf Húnfjörð

Samúelsdóttir.

**Jafnréttisráð skipa:** Ágústa Elín Ingþórsdóttir skólameistari, Finnbogi Rögnvaldsson kennari, Linda María Rögnvaldsdóttir nemi, Helgi Arnar Jónsson nemi, G. Sæbjörg Jónsdóttir starfsmaður og Ólöf H. Samúelsdóttir kennari.